

Ed. **515. Breytingartillögur** [230. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981.

Frá allsherjarnefnd.

1. 2. gr. (ný grein) orðist svo:
Ákvæði 1. gr. gilda til ársloka 1982.
2. 3. gr. (ný grein) orðist svo:
Frá 1. janúar 1983 skal 65. gr. laganna orðast svo:
Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.